



ÁLYKTUN FRÁ UNGMENNARÁÐSTEFNU UMFÍ Á LAUGARBAKKA 2017

Ungmennaráðstefna UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, var haldin á Laugarbakka í Miðfirði dagana 5.-7.apríl 2017. Forsvarsmenn ráðstefnunnar þakka þeim sveitarfélögum og félagasamtökum sem hafa stofnað ungmennaráð og veitt ungmennum vettvang til áhrifa.

Greinilegt var á umræðu ungs fólks á ráðstefnunni að mikill munur er á störfum ungmennaráða almennt. Þá kom fram að fleira ungt fólk fær nú en áður tækifæri til að móta samfélagið og koma að ákvarðanatöku á öllum stigum þess. Því ber að fagna. Þetta er mikil breyting frá því ráðstefnan var fyrst haldin árið 2009. Við hvetjum ráðstefnugesti til þess að halda áfram á sömu braut og að fleiri fylgi í kjölfarið.

Margt má betur fara í okkar lýðræðislega samfélagi. Við sem ungmenni viljum að hlustað sé á okkur og tekið sé mark á skoðunum okkar, þar sem öll mál varða ungt fólk.

Nýverið tók menntakerfið stórvægilegum breytingum. Nám til stúdentsprófs var styttniður í þrjú ár. Á sama tíma var tekið í notkun nýtt einkunnakerfi í grunnskólum landsins ásamt breytingu á samræmdum prófum. Þessar breytingar voru ekki gerðar í samráði við ungmenni. Samt hafa breytingarnar mest áhrif á okkur ungmennin. Stytting á námi til stúdentsprófs getur leitt til þess að minni tími gefst til íþrótt- og tómstundaiðkunar en

„Andi UMFÍ er einfaldlega sá að einblína ekki á afreksfólkið heldur alla sem vilja bæta sjálfa sig og samfélagið um leið. Ungmennafélags-andinn finnst mér snúast um það.“ – Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.



áður. Breytingarnar geta einnig haft neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu ungmenna.

Mikið álag er nú þegar á ungmönnum í daglegu lífi. Þessar breytingar bæta ekki úr skák. Lengi hefur slæm andleg heilsa verið vaxandi vandamál í samfélaginu og greinast sífellt fleiri ungmenni með andleg veikindi. Þess vegna teljum við mikilvægt að bjóða upp á sálfræðipjónustu í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins. Mikil þörf er á bættu heilbrigðiskerfi, einkum og sér í lagi á landsbyggðinni. Sömuleiðis vantar upp á fræðslu á geðheilbrigði. Skortur á lausnum fyrir geðheilbrigðisvanda hefur fyrir löngu náð hættustigi. Grípa þarf í taumana tafarlaust og bæta úr þessu.

Ráðstefnugestir upplifa þekkingarleysi gagnvart fjármálum, réttindum og skyldum á atvinnumarkaði og því krefjumst við aukinnar fræðslu í grunn- og framhaldsskólum um þau málefni. Lög og reglur eru á torskildu máli og koma þarf þeim á skiljanlegt mál fyrir ungmenni og samborgara.

Ungmenni ætlast til þess að hlustað og tekið sé mark á skoðunum þeirra og eru ungmennaráð tilvalin vettvangur til þess. Raddir ungs fólks þurfa að heyrast betur. Við förum fram á að fulltrúar ungmennaráða fái að sitja fundi hjá sem flestum nefndum innan sveitarfélaga. Ráðstefnugestir telja æskilegt að breyta lögum og í leiðinni samræma reglur ungmennaráða um land allt með þarfir ungs fólks að leiðarljósi. Endurskoða og samræma þarf æskulýðslög sem og sveitarstjórnarlög í heild sinni. Ekki er greint á um ungmennaráð

„Andi UMFÍ er einfaldlega sá að einblína ekki á afreksfólkið heldur alla sem vilja bæta sjálfa sig og samfélagið um leið. Ungmennafélags-andinn finnst mér snúast um það.“ – Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.



í sveitarstjórnarlögum. Samhugur var meðal ráðstefnugesta um lækkun kosningaaldurs niður í 16 ár fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Eins og sést greinilega hér að ofan er víða pottur brotinn í okkar lýðræðislega samfélagi. Við krefjumst þess að tafarlaust verði farið í úrbætur á þessum málum.

Ráðstefnan þakkar Ungmennafélagi Íslands fyrir að standa að ráðstefnu á borð við Ungt fólk og lýðræði. Við viljum einnig þakka Evrópu unga fólksins fyrir að veita okkur styrk og gera okkur kleift að halda ráðstefnuna. Hún gefur ungu fólki færi á að mynda, auka og víkka tengslanet sitt, ræða viðhorf sín, koma þeim á framfæri og sanna fyrir jafningjum sínum að ungmenni geti haft áhrif. Við hvetjum til þess að ráðstefna sem þessi verði haldin á hverju ári og megi aðrir taka ungmennaráð UMFÍ sér til fyrirmyndar.

Ungt fólk er ekki bara framtíðin, við erum til núna og höfum áhrif í dag!

Fyrir hönd ráðstefnugesta

Ungmennaráð UMFÍ

„Andi UMFÍ er einfaldlega sá að einblína ekki á afreksfólkið heldur alla sem vilja bæta sjálfa sig og samfélagið um leið. Ungmennafélags-andinn finnst mér snúast um það.“ – Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.